



IOTA Fundargerð

Fyrsti fundur vetrarins haldinn í grunnskólanum á Suðureyri 8. október 2019 kl. 18:30.

1. Kveikt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Fundur settur.
2. Farið yfir markmið samtakanna.
3. Nafnakall, 14 konur mættar, kveðjur frá þeim sem ekki gátu verið með.
4. Farið var yfir dagskrá vetrarins sem hafði verið send út á allar konur.
5. Orð til umhugsunar: Edda Kristmundsdóttir fjallaði um almenningsbókasöfn. Ræddi hún m.a. um breytingar sem orðið hafa á bókasöfnum landsins. Kom fram hjá Eddu að bókasöfnin séu í sókn, það eru margir sem heimsækja söfnin ekki endilega til að fá bækur lánaðar heldur til samveru/einveru. Hlutverk safnanna er að breytast, þau eru orðin meira sem nokkurs konar menningarhús. Þá sagði hún að söfn þyrftu ekki endilega að vera stór til að geta sinnt skyldu sinni. Á Ísafirði er samsteypusafn. Á Patró er bókasafns- og upplýsingafræðingur sem annast safnið og hefur hann rifið upp starfsemi safnsins. Þar eru ýmsar uppákomur og fjölbreytt starf sem íbúar taka þátt í. Í Bolungarvík eru að verða breytingar, sem vert er að fylgjast með.
Nokkrar umræður urðu um orð Eddu.
6. Guðni Einarsson íbúi á Suðureyri mætti á fundinn og sagði okkur sögu Suðureyrar sem hófst um aldamótin 1900. Það var mjög fróðlegt að hlusta á Guðna en hann rakti söguna alveg fram til dagsins í dag.
7. Farið í skoðunarferð um skólann, fæstar höfðu heimsótt Grunnskóla Suðureyrar áður. Það var mjög ánægjulegt að rölja um, skoða aðstöðuna og kynnst starfsseminni.
8. Matarhlé: Þær stöllur Bryndís Birgisd. og Vilborg Ása buðu upp á dýrindis súpu, brauð, kaffi og konfekt. Yfir borðum var áhugavert spjall um kennslu, m.a. um hvernig skólunum tekst að uppfylla hugtakið „Skóli fyrir alla“, og voru konur sammál um að það þyrfti að taka umræðuna upp í víðara samhengi. Velt var upp spurningunni; „erum við að þjóna nemendum á þeirra forsendum eða“?
9. Úr félagastarfinu.
 - Vorþingið verður í Borgarnesi 9. maí 2020.
 - Möguleiki er á að fá fyrirlestur um margmiðlunarläsi, jafnvel á Skype ef áhugi er fyrir hendi.
 - Konurnar á suðurnesjum eru með skemmtilegan þátt hjá sér þar sem félagkonur kynna sig. Þessi hugmynd var kynnt og sagt að möguleiki væri að taka þetta upp hjá okkur.
10. Næsti fundur verður 4. nóv í Bókakaffinu í Bolungarvík.
11. Slökkt á kertunum og fundi slitið 20:45

Arna Sæmundsdóttir ritaði fundargerð